

67

6. apríl

**AUGLÝSING**

**um samkomulag milli Íslands og Bretlands um gagnkvæma undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds.**

Með erindaskiptum milli sendiherra Íslands í London og brezka utanríkisráðuneytisins, dags. 22. og 27. marz 1961, var gengið frá samkomulagi um gagnkvæma undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds í sambandi við kaup eða leigusamning á húsnæði fyrir sendiráð og sendiráðsstarfsmenn beggja landanna.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 6. apríl 1961.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

---

*Agnar Kl. Jónsson.*